

Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2011



Efnisyfirlit

Ávarp rektors	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands	4
Auðlindadeild	5
Umhverfiseild	6
Starfs- og endurmenntunardeild	7
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2011	8
Rannsóknasvið	10
Rekstrar- og þjónustusvið	15
Fjármál	16
Útgáfa	16
Ritaskrá starfsmanna – ritrynt efni	17
Starfsmenn	18
Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 3. júní 2011	20

Ávarp rektors

Sjöunda starfsárs Landbúnaðarháskóla Íslands var um flest heilladrjúgt þó svo að enn séu ólar þrengdar hvað varðar fjárhagslegt atlati.

Mikilvægt skref var tekið á vordögum þegar Hollvinafélag Landbúnaðarháskóla Íslands var stofnað að viðstöddu fjölmenni á Hvanneyri í tengslum við ársfund skólans þann 29. apríl. Slíkt félag hefur verið lengi í undirbúningi og er sannkallað fagnaðarefni að nú skuli skrefið hafa verið tekið. Markmið félagsins er að efla tengsl milli allra sem hafa lokið eða stundað nám við Landbúnaðarháskóla Íslands, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Bændaskólann á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins. Sama gildir um núverandi og fyrrverandi starfsmenn, þar með talda starfsmenn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og aðra sem bera hag LbhÍ fyrir brjósti. Síðast en ekki síst mun félagið styðja og efla starf Landbúnaðarháskóla Íslands. Hollvinir LbhÍ eru margir og koma víða að, gamlir nemendur, starfsmenn bæði núverandi og fyrrverandi auk fjölmargra einstaklinga um land allt sem bera hag skólans fyrir brjósti.

Nemendur háskóladeilda og búfræði voru brautskráðir frá LbhÍ við hátíðlega athöfn í Reykholti þann 3. júní.

Við sinntum formennsku í NOVA netverkinu þetta árið rétt eins og í fyrra og stóðum fyrir glæsilegri ráðstefnu í Árósum í byrjun maí. Við skiluðum síðan af okkur keflinu til félaga okkar í Helsinkiháskóla í lok árs. Því fylgdi eftirsjá en jafnframt stolt yfir að hafa náð að sinna þessu sómasamlega - fámenn sem við erum.

Starfsemi landgræðsluskólans, UNU-LRT, stóð með miklum blóma á árinu og var m.a. staðfest stefnumörkun skólans fyrir árin 2011-2016. Íslensk stjórnvöld leggja mikið upp úr þessum UNU verkefnum hér á landi sem lykilþáttum í þróunarsamvinnu okkar Íslendinga til framtíðar. Vararektor UNU heimsótti LbhÍ á vordögum og lýsti yfir ánægju með starfið.

LbhÍ hefur tekið þátt í starfsemi samstarfsnets opinberu háskólanna af miklum krafti frá fyrsta degi. Starfsfólk skólans hefur sýnt verkefninu mikinn áhuga og lagt á sig verulega vinnu við að koma sameiginlegum verkefnum áfram. Mikilvægir þættir í þessu verkefni lúta að stoðþjónustu og tæknimálum sem leysa má mun betur með samvinnu en því að skólarnir séu hver um sig að byggja upp sín eigin kerfi. Við sjáum í því mikil tækifæri til framfara bæði fyrir nemendur og starfsmenn. Á vegum samstarfsnetsins hafa einnig komið til sérstakir hvata- og þróunarstyrkir til að liðka enn frekar fyrir auknu samstarfi. Með þeim hafa m.a. farið af stað sameiginlegar námsleiðir og samkennsla í ákveðnum greinum. Þetta hefur skipt miklu máli og stuðlað að samvinnu sem að okkar mati á eftir að skila góðu starfi. Þannig fór t.d. af stað á árinu tilraun með samkennslu milli HÍ og LbhÍ í vatnalíffræði.

Þá hefur orðið til samningur milli skólanna um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum – þetta er gríðarlega mikilvægt atriði og mikið hagsmuna mál fyrir nemendur okkar.

Nú í vetur var gengið frá samningi milli skólans og miðstöðvar framhaldsnáms við HÍ. Þessi samningur markar tímamót í rekstri framhaldsnáms við LbhÍ og er mikilvægur áfangi í að tryggja stöðugleika og gæði í öllu viðmóti við nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við skólann. Er þetta fyrsti samningur af þessu tagi hérlendis en líklegt er að fleiri fylgi í kjölfarið. Gæðamálin eru annars mjög fyrirferðamikil í öllu okkar starfi. Þannig erum við mjög virkir þátttakendur í innleiðingu á nýju gæðakerfi fyrir íslenska háskólastigið og erum nú að undirbúa okkur fyrir reglubundnar úttektir á öllu okkar starfi í samræmi við skipulag í þeim efnum sem sett er af hinu nýja gæðaráði háskólanna. Gæðaráðið er einvörðungu skipað þrautreyndum sérfræðingum á þessu sviði sem allir koma raunar erlendis frá.

Háskólaráð samþykkti í haust sérstaka málstefnu fyrir LbhÍ. Forsögu þess máls má rekja til hvatningar Katrínar Jakobsdóttir ráðherra mennta- og menningarmála til allra háskóla landsins. Leiðarljósið væri að treysta stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu og tryggja að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. LbhÍ tók strax þessari brýningu og var meðal annars unnið með hugmyndir á fundum starfsmanna og á sérstöku málþingi. Endanleg tillaga var síðan lögð fyrir háskólaráð og samþykkt síðasta haust.

Í hnotskurn er stefnan þessi:

Lýsa yfir að íslenska sé opinbert mál

Kenna á íslensku í grunnnámi

Rækta iðorðastarf

Hvetja til fræðilegra skrifna á íslensku

Kynda undir áhuga á íslensku máli

Vísa á leiðir til náms í íslensku

Vanda til verka

Og þetta síðastnefnda er einmitt kjarni stefnunnar: Að vanda okkur.

Ágúst Sigurðsson

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Ágúst Sigurðsson, rektor landbúnaðarháskóla Íslands.

Álfheiður Sverrisdóttir, formaður nemendafélags LbhÍ, tilnefnd af stúdentaráði.

Ásmundur Daði Einarsson, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Varamaður hans er **Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir**.

Emma Eypórsdóttir, tilnefnd af starfsmönnum LbhÍ. Varamaður hennar er **Auður Sveinsdóttir**.

Haraldur Benediktsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Jón Torfi Jónasson, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands.

Orri Páll Jóhannsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra. Varamaður hans er **Sigríður Jóhannesdóttir**.

Stefán Logi Haraldsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.

Þórhallur Bjarnason, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Auðlindadeild

Viðfangsefni auðlindadeildar eru nýting landkosta og innlendra búfjárstofna til þess að framleiða matvæli og aðrar afurðir. Meginmarkmið deildarinnar eru að finna leiðir til þess að bæta nýtingu, lækka kostnað við framleiðslu og auka gæði en tryggja jafnframt að aukin hagkvæmni haldist í hendur við sjálfbæra nýtingu landsins. Starfsmenn við auðlindadeild voru 28 í árslok 2011 og inntu af hendi rúmlega 23 ársverk. Þeir búa yfir fjölbreyttri sérþekkingu, m.a. á sviði erfðafræði, lífeðlisfræði, fódurfræði, grasafræði og bútækni.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Jafnframt er starfrækt námsbraut í hestafræðum sem er sameiginlegt verkefni LbhÍ og Háskólans á Hólum þar sem nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólunum. Nemendur í BS-námi á haustönn 2011 voru 45 í búvísindum og 24 í hestafræði. Framhaldsnám í búvísindum er vaxandi við deildina og stunda um 15 nemendur rannsóknatengt meistaranám. Doktorsnemar eru fjórir og vinna þeir að rannsóknum er tengjast búfé og jarðrækt.

Rannsóknastarfið hefur líkt og undanfarin ár einkennst af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fódrun búfjár og rannsóknum á eiginleikum búfjár og afurða þess. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaraðferða þar sem kornræktin hefur vaxandi vægi í samhengi við aðra fódurræktun. Kornræktin er eitt þeirra verkefna sem er unnið í nánú samstarfi við fjölda bænda og hefur sú samvinna skilað miklum árangri. Einnig hefur ræktun niturbindandi tegunda verið fyrirferðamikil auk rannsókna á hringrás næringarefna í jarðvegi og nýtingu þeirra. Í fódurfræði er hámarksnýting næringarefna miðað við þarfir gripanna á hverjum tíma mikilvægt viðfangsefni, með sérstakri áherslu á fódrun hámjólka kúa. Rannsóknaaðstaða í sameinda-erfðafræði á Keldnaholti hefur skapað möguleika á fjölbreyttum og spennandi verkefnum í erfðafræði íslenskra búfjarkynja og eru nokkur slík í gangi eða lokið.

Nauðsynlegt er að huga vel að rannsóknum á gæðum íslenskra landbúnaðarafurða sem skipta miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins. Þar eigum við í góðu samstarfi við Matís. Samtímis er mikilvægt að stuðla að sjálfbærum búskaparháttum bæði hvað varðar ræktun lands og búpenings.

Á árinu 2011 var haldinn einn deildarfundur (nr. 15), og 4 deildarráðsfundir.

Jóhannes Sveinbjörnsson

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild sinnir margháttuðum verkefnum á sviði menntunar og rannsókna er tengjast náttúru landsins. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda eru meðal helstu markmiða deildarinnar. Nám í umhverfisdeild skiptist í fjórar brautir; umhverfisskipulag sem Auður Sveinsdóttir veitir forstöðu; náttúra og umhverfi sem Björn Þorsteinsson, Hlynur Óskarsson og Ólafur Arnalds veittu forstöðu í fjarveru Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur; landgræðsla og skógrækt sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrir og skipulagsfræði á MS stigi sem Sigríður Kristjánsdóttir veitir forstöðu. Innan náttúru og umhverfis er boðið upp á nám í náttúru og sögu annars vegar og hins vegar þjóðgörðum og verndarsvæðum.

Starfsmenn voru 26 í lok ársins. Auk þess unnu nokkrir MS og PhD nemar tímabundið við deildina. Anna Guðrún Þórhallsdóttir hóf tímabundið störf hjá Bioforsk í Noregi, en hélt þó hlutastöðu við LbhÍ. Ragnhildur H. Sigurðardóttir var ráðin til að veita votlendissetrinu forstöðu. Einar Sæmundsen lét af störfum gestakennara eftir langt og farsælt samstarf en Hrafnkell Proppé og Heiða Aðalsteinsdóttir komu í hlutastörf við umhverfisskipulagsbrautina.

Haldnir voru tveir deildarfundir (nr. 12 og 13) og 6 deildarráðsfundir (nr. 19-24) á árinu. Í deildarráði sátu Berglind Orradóttir, Helena Guttormsdóttir, Ólafur Arnalds, Ragnar Frank og Járngerður Grétarsdóttir sem var kosin ný í ráðið í stað Hlyns Óskarssonar. Margrét Jónsdóttir var ritari deildarinnar. Þá var haldinn einn vinnufundur umhverfisdeildar.

Á árinu stóð umhverfisdeild að alþjóðlegum vinnufundi um vistheimt á norðurslóðum í samvinnu við Landgræðslu ríkisins (Ása L. Aradóttir). Þá var haldin viðamikil ráðstefna evrópskra rannsóknahópa sem gera rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á vistkerfi, undir forystu Bjarna Diðriks Sigurðssonar. Umhverfisdeild stóð að ráðstefnunni *Þéttbýli í dreifbýli*, sem var haldin í samvinnu ýmissa aðila. Á árinu gáfu starfsmenn deildarinnar, í samvinnu við L.r., út viðamikla skýrslu um Vistheimt á Íslandi (Ása L. Aradóttir o.fl.). Starfsmenn unnu m.a. við greinargerðir um landupplýsingakerfi í tengslum við umsóknaraðild Íslands að ESB. Unnið var að margvíslegum rannsóknum á árinu í tengslum við gagnagrunna og landnýtingu (LULUCF, Nytjaland o.fl.), margvíslegum rannsóknum á vegum votlendissetursins, m.a. á áhrifum framræslu á vistkerfi. Unnið var að rannsóknum á foki o.fl. í kjölfar eldgosa á Suðurlandi.

Ólafur Arnalds

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntadeild

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrudgarðyrkju og ylraekt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2011 stunduðu alls 134 nemendur nám á starfsmenntabrautum LbhÍ. Í garðyrkju (í staðar- eða fjarnámi) voru alls 59 nemendur og í búfræði voru alls 50 staðarnemendur og 25 fjarnemar. Í byrjun júní voru 26 nemendur brautskráðir úr búfræði en ekki var útskrifað af garðyrkjubrautum í ár.

Nemendur eru teknir inn í búfræði árlega en einungis annað hvert ár á garðyrkjubrautir. Ekki var tekið inn á garðyrkjubrautir haustið 2011. Mikil aðsókn var í búfræðinám haustið 2011 en skólanum bárust tæplega 70 umsóknir. Alls voru teknir inn 32 nemendur í fyrsta bekk. Nemendur á garðyrkjubrautum voru 59 á vorönn en hafði fækkað í 52 á haustönninni.

Skipað var í nýjar fagnefndir fyrir allar brautir á árinu. Í fagnefndum sitja fulltrúar atvinnulífs fyrir hverja braut og eru þeir skipaðir til fjögurra ára. Fagnefndir eru skólanum til ráðgjafar um skipan náms, við endurskoðun námskráa og fleiri verkefni sem nauðsynlegt er að vinna með atvinnulífinu.

Námsbrautarstjórar hófu vinnu við skilgreiningu á hæfnikröfum starfa og lærdómsviðmiðum fyrir allar brautir starfsmenntanáms LbhÍ, í samvinnu við fagnefndir brautanna og starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina. Niðurstöður þessarar vinnu verða gott veganesti inn í endurskoðun námskráa garðyrkju og búfræði sem farið verður í 2013.

Alls voru 12,3 stöðugildi í starfs- og endurmenntunardeild þann 31. desember 2011, þar af 4,5 sem tilheyra endurmenntun.

Endurmenntun LbhÍ

Endurmenntun LbhÍ hélt alls 192 námskeið árið 2011 með um 2820 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin um allt land eða á 59 stöðum og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum LbhÍ með einum eða öðrum hætti. Lögð hefur verið áhersla á námskeiðaraðir hjá endurmenntuninni. Árið 2011 voru alls 6 mismunandi námskeiðaraðir í boði, þ.e. Grænni skógar I og II, Reiðmaðurinn I og II, Betri vellir og ný námskeiðaröð sem nefnd hefur verið Sáðmaðurinn. Alls voru 258 þátttakendur í námskeiðaröðunum, 104 í Grænni skógum I og II, 113 í Reiðmanninum I og II og 22 í Sáðmanninum. Á vordögum útskrifuðust jafnframt 20 nemendur af námskeiðaröðinni Betri völlum.

Auk þessa var fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið saman að því með endurmenntun LbhÍ að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufræðinga.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunarinnar mjög vel á árinu. Mikil aukning varð í veltu deildarinnar en heildarársvelta var um 56,3 milljónir.

Guðríður Helgadóttir

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2011

Starfsmenntanam á framhaldsskólastigi	Baldur Einarsson	Búfræði
	Birkir Snær Guðlaugsson	Búfræði
	Brynjar Þór Þormóðsson	Búfræði
	Elín Ósk Gunnarsdóttir	Búfræði
	Elsa Rut Jóhannudóttir	Búfræði
	Erla Rún Guðmundsdóttir	Búfræði
	Gísli Guðjónsson	Búfræði
	Guðni Ellertsson	Búfræði
	Gunnar Már Leifsson	Búfræði
	Haraldur Sigurðsson	Búfræði
	Hákon Garðar Þorvaldsson	Búfræði
	Helga Rún Jóhannsdóttir	Búfræði
	Höskuldur Kolbeinsson	Búfræði
	Jón Elvar Gunnarsson	Búfræði
	Linda Björk Kjartansdóttir	Búfræði
	Linda Sif Níelsdóttir	Búfræði
	Nanna Lilja Níelsdóttir	Búfræði
	Tómas Jensson	Búfræði
	Valdimar Veturliðason	Búfræði
	Þórdís Halldórsdóttir	Búfræði
Þórunn Sigurðardóttir	Búfræði	
Inga Birna Baldursdóttir	Búfræði - fjarnám	
Majken Egumfeldt-Jørgensen	Búfræði - fjarnám	
Sigrún Hermannsdóttir	Búfræði - fjarnám	
Agnes Hansen	Garðyrkjuframleiðsla	
Sigríður E Sigmundsdóttir	Garðyrkjuframleiðsla	

Háskólanám	Birta Berg Sigurðardóttir	BS	Búvísindi
	Eygló Gunnlaugsdóttir	BS	Búvísindi
	Jóna Björg Hlöðversdóttir	BS	Búvísindi
	Jóna Þórunn Ragnarsdóttir	BS	Búvísindi
	Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	BS	Búvísindi
	Sigurður Torfi Sigurðsson	BS	Búvísindi
	Þorbjörg Helga Konráðsdóttir	BS	Búvísindi
	Eyþór Einarsson	MS	Búvísindi
	Iðunn Hauksdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Hrafnhildur Tryggvadóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Lena Mikaelsson	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Lilja Víglundsóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Bjarki Þórir Valberg	MS	Skipulagsfræði
	Drífa Gústafsdóttir	MS	Skipulagsfræði
	Ólafur Gísli Reynisson	MS	Skipulagsfræði
	Sólveig Helga Jóhannsdóttir	MS	Skipulagsfræði
	Arinbjörn Þorbjörnsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Landgræðsla
	Sævar Hreiðarsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Andri Þór Andrésson	BS	Umhverfisskipulag
	Ása Dóra Finnbogadóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Ásdís Reykdal Jónsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Ásgeir Rafn Birgisson	BS	Umhverfisskipulag
	Berglind Ragnarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Birgir Örn Smáráson	BS	Umhverfisskipulag
	Daði Hall	BS	Umhverfisskipulag
	Davíð Þór Guðmundsson	BS	Umhverfisskipulag
	Edda Ívarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Guðrún Rakef Svandísardóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Gunnar Óli Guðjónsson	BS	Umhverfisskipulag
	Helga Helgadóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Helga Íris Ingólfssdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Hulda Dagmar Magnúsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Hulda Davíðsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Jón Hámundur Marínósson	BS	Umhverfisskipulag
	Laufey Sif Lárusdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Magnús Halldórsson	BS	Umhverfisskipulag
	Myrra Ösp Gísladóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Sigurdís Sveinbjörnsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Valgerður Hlín Kristmannsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
Þórdís Huld Vignisdóttir	BS	Umhverfisskipulag	

Rannsóknasvið

Haustið 2011 voru akademískir starfsmenn við Landbúnaðarháskóla Íslands samtals 46, af 101 starfsmanni á launaskrá, í 42 stöðugildum eða um 46% af heildarstöðugildum við stofnunina (1. tafla). Próffessorar voru 9, dósentar 4 og lektorar 15. Starfa þeir allir jöfnum höndum við kennslu og rannsóknir. Aðrir akademískir starfsmenn voru 15 og eru þeir fyrst og fremst í verkefnum sem tengjast rannsóknum. Tæp 48% akademískra starfsmanna er með doktorspróf.

1. tafla Akademískir starfsmenn við Lbhí 1. október 2011 og menntun þeirra					
	BSc	MSc	PhD	Alls	Hlutfall með PhD
Próffessorar (ásamt rektor)			9	9	100%
Dósentar	-	2	2	4	50%
Lektorar	-	10	5	15	33%
Fastráðnir stundakennarar	3	-	-	3	0%
Aðrir akademískir starfsmenn	4	5	6	15	40%
Samtals	7	17	22	46	
Hlutfall	15%	37%	48%		

Skólinn er með sérstakan samning við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (SLR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðar ráðgjafar fyrir árin 2009-2012. Með samningnum skuldbindur skólinn sig til þess að sinna verkefnum sem renna stoðum undir meginstef landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem eru að:

- tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins,
- stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisfæru verði framleiðslunnar,
- tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðaþróun og atvinnutækifærum til sveita,
- stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt.

Í samræmi við þetta er rannsóknaverkefnum skólans skipt upp í fimm meginflokka sem eru Framframleiðsla og fæðuöryggi, Byggðaþróun og nýsköpun, Skógrækt og landgræðsla, Umhverfisrannsóknir og Hagfræðirannsóknir.

Árið 2011 mótaðist nokkuð af því að sértekjur til rannsókna úr sjóðum hafa skroppið saman. Munar þar mestu um framlög úr Framleiðnisjóði en hann hefur reynst drjúgur á liðnum árum, einkum til rannsókna á sviði hefðbundins landbúnaðar. Einnig hafa fjárveitingar, bæði úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti (SLR) og mennta- og menningarmálaráðuneytinu (MMR) dregist saman á umliðnum árum. Í 2. töflu má sjá yfirlit um greiðslur til skólans á árunum 2009-2011. Þessi niðurskurður, til viðbótar við skert rannsóknafé úr sjóðum, hefur óhjákvæmilega sett mark sitt á rannsóknarstarf skólans.

2. tafla Yfirlit yfir fjárframlög til skólans og sértekjur, millj. kr.					
	SLR	Breyting milli ára	MMR	Breyting milli ára	Sértekjur
2009	168,5	-	563,1	-	116,0
2010	153,9	-8,7	574,0	1,9	65,6
2011	155,2	0,8	545,8	-4,7	67,9

Á árinu var ráðinn nýr starfsmaður til Votlendisseturs LbhÍ, sá fyrsti frá því setrið tók til starfa. Þar er á ferð dr. Ragnhildur Sigurðardóttir líffræðingur. Er henni ætlað að efla starfsemi setursins, bæði rannsóknir og fræðslu til almennings um gildi votlendis. Kolfinna Jóhannesdóttir, viðskiptafræðingur og sérfræðingur í byggðaþróun, sem ráðin hafði verið til þess að byggja upp hagfræðisetur við skólann, auk kennslu í rekstrargreinum, hvarf til annarra starfa um mitt árið. Því varð minna úr því verkefni en efni stóðu til. Hins vegar hefur nú verið tekin ákvörðun um að skólinn taki við verkefnum Hagþjónustu landbúnaðarins, sem lögð var niður í lok árs 2011. Verður það vonandi til þess að málaflokkurinn hljóti þá vegsemd sem honum ber innan skólans.

Fylgt var eftir verkefnum í tengslum við gosið í Eyjafjallajökli vorið 2010 og eins var brugðist við gosi í Grímsvötnum eftir því sem ástæða þótti til.

Starfsemi SPROTANS hefur legið í láginni á árinu vegna skorts á framkvæmdafé.

Á árinu lauk umfangsmiklu verkefni á sviði áburðarleiðbeininga þar sem lögð hefur verið áhersla á að greina sýni úr gömlum langtímaáburðartilraunum. Úr þessu verkefni liggja nú fyrir bæði vísindagreinar og skýrslur.

Á árunum 2010-11 var safnað hafrasæði á vegum skólans með styrk frá erfðanefnd landbúnaðarins, sem notað var við sæðingar, og fyrsti árangur lofar góðu. Þetta verkefni hefur vakið athygli bæði innanlands og utan.

Önnur verkefni

Í apríl 2011 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samráðshóp til þess að efla tengsl atvinnugreinarinnar og rannsóknarstarfsins sem unnið er á grundvelli samningsins milli skólans og ráðuneytisins. Formaður er Magnús B. Jónsson, LbhÍ og fulltrúar skólans í hópnum eru Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektror rannsóknarmála, og Jóhannes Sveinbjörnsson, deildarforseti auðlinda-deildar. Áætlað er að hópurinn ljúki störfum með skýrslu til ráðherra á fyrstu vikum nýs árs.

Skólinn gekkst fyrir ráðstefnu í júní, sem styrkt var af TAIEX, þar sem kynnt var sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins. Kynningin var einkum ætluð þeim sem með einhverjum hætti munu koma að undirbúningi og aðlögun landbúnaðarmála á Íslandi fyrir inngöngu í Evrópusambandið.

Starfsmenn skólans komu að ýmsum verkefnum fyrir stjórnvöld og hagsmunaaðila. Hér má nefna umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir, þátttöku í tilfallandi nefndarstarfi á vegum SLR og almenna ráðgjöf til nefnda á vegum ráðuneytisins.

Einn starfsmaður sat í stjórn Hagþjónustunnar (RB). Tveir af starfsmönnum skólans sitja í erfðanefnd landbúnaðarins (ÁH, EE) og einn þeirra sat auk þess í stjórn Norræna genbankans (NordGen) á árinu (ÁH). Einn starfsmaður situr í stjórn tækniþróunarsjóðs, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (MBJ). Skólinn hefur átt fulltrúa í ullarmatsnefnd um langt árabíl (EE).

Þrír starfsmenn skólans hafa tekið þátt í samráðsnefnd um landupplýsingar og landbúnaðarland (ÓA, FÓG, SHB). Meginverkefni nefndarinnar er að greina aðferðir í upplýsingatækni sem hægt væri að nýta vegna væntanlegrar útfærslu á landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins í tengslum við aðildarumsókn Íslands. Gefin var út greinargerð á árinu sem ber nafnið *Landupplýsingar – landbúnaður – dreifbýli og ESB*.

Tveir starfsmenn (ÁH, JH) sátu í starfshópi, sem ætlað var að vinna áætlun um það hvernig staðið verður að eflingu kornræktar á Íslandi. Því starfi lauk í mars 2011 með skýrslu til ráðherra. Einn starfsmaður sat í starfshópi um eflingu alifuglaræktar (JS) sem lauk störfum með skýrslu til ráðherra. Einn starfsmaður sat í nefnd sem fjallar um nýtt erfðaeftni til eflingar ræktun holdanauta til kjötframleiðslu (MBJ). Loks sat einn starfsmaður í nefnd um endurskoðun á reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða hennar (SS). Lauk því starfi með skilum á drögum að nýrri reglugerð til ráðherra í nóvember.

Heildarkostnaður vegna rannsókna var um 530 milljónir kr. á árinu 2011. Skólinn fékk 155,2 milljónir kr. í gegnum samninginn við SLR. Því til viðbótar voru sértekjur 67,9 milljónir kr. (3. tafla). Annar kostnaður vegna rannsókna var greiddur af framlagi MMR til skólans. Stærstu málaflokkarnir eru *Frumframleiðsla og fæðuöryggi og Umhverfisrannsóknir en Garðyrkja* hefur einnig notið góðs af heilladrjúgu samstarfi við Samband garðyrkjubænda á liðnum árum sem styrkt hafa rannsóknirnar myndarlega með framlagi úr Þróunarsjóði garðyrkjunnar.

3. tafla. Sértekjur LbhÍ árið 2011	Millj. kr.
Frumframleiðsla og fæðuöryggi	25,6
Garðyrkja	18,5
Byggðaþróun og nýsköpun	1,2
Skógrækt og landgræðsla	2,8
Umhverfisrannsóknir	18,1
Hagfræði	1,7
Samtals	67,9

Á árinu var unnið að fjölda rannsóknaverkefna sem eru listuð á næstu blaðsíðu.

Starfsmenn koma niðurstöðum rannsókna sinna til skila með ýmsum hætti. Mest áhersla er lögð á að þeir birti greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og á þeim vettvangi voru birtar 14 greinar á árinu. Einnig eru starfsmenn hvattir til þess að skrifa greinar í innlend rit, og jafnvel dagblöð, og taka virkan þátt í fræðslufundum og námskeiðahaldi á vegum Endurmenntunar LbhÍ.

Rannsóknarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og er það nú orðið drjúgur þáttur í rannsóknastarfi skólans (4. tafla). Í nóvember náðist sá áfangi að fyrsti doktorsneminn útskrifaðist frá skólanum.

4. tafla. Fjöldi nemenda á framhaldsstigi – skráðir og útskrifaðir		
	Framhaldsnemar haust 2011	Útskrifaðir 2011
M.Sc.	50	5
Ph.D.	6	1

Helstu rannsóknarverkefni í gangi árið 2011

Frumframleiðsla og fæðuöryggi

Sjálfbær nýting erfðaauðlinda

- Erfðafjölbreytni í hvítmára af ólíkum uppruna
- Kynbætur hvítmára (samstarf við Graminor)
- Erfðafjölbreytni í norrænni hvönn
- Kynbætur byggyrkja með hefðbundnum aðferðum
- PPP bygg
- PPP rýgresi
- NOFOCGRAN
- *In situ* varðveisla erfðaeftnis í gömlum túnnum
- Erfðastuðlar kjöteiginleika
- Blendingsrækt í sauðfé
- Afkvæmarannsóknir á Hesti
- Verðmæti íslenska kúastofnsins
- Uppruni íslenska hestsins
- Litir í hrossum
- Erfðabreytileiki í kúastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenska geitastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenskum landnámskænum
- Kynbótamat búfjár (BLUP-útreikningar fyrir BÍ)
- Kynbótamat bleikju
- Tengsl byggingar og hæfileika íslenskra hrossa

Hringrás næringarefna

- Breytingar á ræktunareiginleikum jarðvegs (langtímaáburðartilraunir)
- Áhrif grasræktar á C og N í jarðvegi
- Svepprót og niturbinding
- Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum
- Dreifingartími mykju
- Efnagreiningar á mykju
- Nýting búfjáraáburðar á sauðfjáraáburðum
- Þróun á fóðurmatskerfum fyrir sauðfé og nautgripi í vexti innan Norfor
- Innleiðing og þróun Norfor-fóðurmatskerfis fyrir mjólkurkúr – í samvinnu við BÍ

Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðslukerfi

- Smárablöndur og áhrif N-áburðar
- Grasræktartilraunir og yrkisprófanir
- Vestnorrænar yrkisprófanir
- Kornrækt og sáðskipti
- Kvígur 24
- Hraustar kúr
- Markvissar fóðrunarleiðbeiningar til mjólkurframleiðenda

Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir

- Atferli hrossa í stóði
- Dreifing hreindýra
- Legusvæði fyrir kálfa og kvígur
- Júgurhreysti
- Fóðrun áa
- Hross í hollri vist
- Húsvist í fjárhúsum á Íslandi
- Leiðir gegn frjálsum fitusýrum í mjólk
- Hollefni í beitargróðri
- Bygg til manneidis
- Dauðfæddir kálfar

Garðyrkja

- Áhrif lýsingar á ræktun tómatu í ylrækt
- LED lýsing í garðyrkju
- Yrkjaprófanir í útiræktuðu grænmeti
- Vinnslukartöflur úr íslenskri jörð
- Ræktunartækni við berjaframleiðslu
- Yndisgróður
- Skjólbeltarannsóknir
- Hagnýting sveppróta
- Yrkisprófanir fyrir golfflatargrös
- Upphitun golfvalla

Bygðapróun og nýsköpun

- Afmörkun á erfðabreyttu byggi til framleiðslu á lífvirkum próteínum
- Olíufrærækt
- Nýting á lífrænum úrgangi til orkuframleiðslu
- Eldsneyti úr innlendu hráefni
- Hálendisvegir, sjónræn áhrif og vegstaðlar fyrir útivistarvegi á hálendinu
- Ferðamannastaðir, skipulag og sjónræn áhrif
- Búsetulandslandslag á norðurslóð
- Nýjar ræktarplöntur
- Borgarskógrækt

Skógrækt og landgræðsla

- Erfðabreytileiki asparryðs
- Þróun vistkerfa við landgræðslu
- Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendissvæðum
- Notkun svarðlags vegna uppgræðslu
- Kolbjörk – Þróun vistkerfa í endurheimtum birkiskógum
- Skógvatn – Áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnalíf, vatnsgæði og vatnshag

- Skógvist – Áhrif skógræktar á líffræðilegan fjölbreytileika, jarðveg og kolefnisbindin
- Landbætur á sandsvæðum
- Vistheimt á Norðurlöndum
- Áhrif upphitunar á sitkaskóg (ForHot)
- Áhrif skógræktar á lekt C-sambanda, N og P með afrennsli

Umhverfissrannsóknir

- Ýmir – gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
- Nytjaland
- Þáttur úrkomu, jarðvegsraka og þurrktímabila í ofhitnun jarðstrengja
- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
- Rannsóknir á landnámi og vistkerfismyndun á Surtsey
- Norrænt tengslanet um kolefnissrannsóknir
- Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)

- Áhrif loftslagsbreytinga og landnýtingar á hálendisvistkerfi Íslands – ITEX samstarf
- Langtíma umhverfisvöktun á vatnasviði í Borgarfirði
- Sinubruni á Mýrum
- Mýrlendi á norðurslóðum
- Kolefnisjöfnuður á norðurslóðum
- Álkol – samstarf við Alcan um endurheimt votlendis
- Endurheimt vatna
- Áhrif lúpínu á endurheimt birkivistkerfa
- Litla-Skarð, alþjóðlegt vöktunarsamstarf

Hagfræði

- Byggðamál vegna ESB
- Hagrænar upplýsingar um íslenskan landbúnað
- Skýrsla um íslenskan landbúnað (unnið fyrir SLR)

Rekstrar- og þjónustusvið

Bókasafnið rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Starfsmenn bókasafns eru tveir.

Kennsluskrifstofa sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrárgerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, próftöflugerð, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

Tölvuþjónusta annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Fjórir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

Grímshagi ehf er alfarið í eigu skólans og rekur búin á Hvanneyri og Hesti. Búreksturinn samanstendur af blönduðu kúa- og fjárbúi. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðrækta- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* er búrekstur leigður til Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Aðstaða er til jarðræktarrannsókna og aðgengi að tilraunafjósi.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylrækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

Efnagreiningastofur eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti. Þáttur í starfsemi rannsóknastofanna er þjónusta við bændur vegna heysýna og jarðvegssýna en þær eru einnig í stöðugri notkun vegna verkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum.

Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni.

	Reikningur 2011	Reikningur 2010
Tekjur		
Sértekjur	472.706	491.152
Aðrar rekstrartekjur	28.010	24.997
Tekjur samtals	500.716	516.149
Gjöld		
Almennur rekstur	1.125.051	1.101.266
Gjöld samtals	1.125.051	1.101.266
Tekjur umfram gjöld	-624.334	-585.117
Framlag úr ríkissjóði	547.560	574.021
Hagnaður/tap ársins	-76.774	-11.096

Útgáfa

Rit LbhÍ nr. 38. Yrkjaprófun á útiræktuðu grænmeti – Korpu og Flúðum 2010 og 2011. Lokaskýrsla. Jónatan Hermannsson, Þórdís Anna Kristjánsdóttir, Christina Stadler og Valur N. Gunnlaugsson, 2011, 36 bls.

Rit LbhÍ nr. 37. Snefilefni í heyi. Hólmgeir Björnsson, Guðni Þorvaldsson og Tryggvi Eiríksson, 2011, 55 bls.

Rit LbhÍ nr. 36. Betri fjós - reynslan af nýlegum legubásafjósum á Íslandi. Snorri Sigurðsson, 2011, 137 bls.

Rit LbhÍ nr. 35. Langtímaáhrif áburðar á jarðveg og uppskeru á Geitasandi. Þorsteinn Guðmundsson, Guðni Þorvaldsson og Hólmgeir Björnsson, 2011, 79 bls.

Rit LbhÍ nr. 34. Effects of lightning time and lighting source on growth, yield and quality of greenhouse sweet pepper. Christina Stadler, 2011, 53 bls.

Rit LbhÍ nr. 33. Jarðræktarrannsóknir 2009-2010. Ritstjóri Þórdís Anna Kristjánsdóttir, 2011, 53 bls.

Rit LbhÍ nr. 32. Effects of organic fertilizers on N mineralization, growth and yields of year-round organic greenhouse cucumber and sweet pepper. Christina Stadler, 2011, 18 bls.

Rit LbhÍ nr. 31. Agriculture in Iceland: Conditions and Characteristics. Torfi Jóhannesson, 2011, 32 bls.

Rit LbhÍ nr. 30. Áhrif ljósstyrks, staðsetningu lampa og þéttleika sprota á paprikur. Christina Stadler, 2011, 65 bls.

Rit LbhÍ nr. 29. Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendissvæðum. Ása L. Aradóttir og Járngerður Grétarsdóttir, 2011, 99 bls.

Landbúnaðarháskóli Íslands gefur út **Icelandic Agricultural Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir.

Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni

Ágúst Sigurðsson and J.V. Jonmundsson 2011. Genetic potential of Icelandic dairy cattle. *Icelandic Agricultural Sciences*, 24, 55-64.

Ásrún Elmarsdóttir, **Bjarni Diðrik Sigurðsson**, Edda Sigurdís Oddsdóttir, Arne Fjellberg, **Bjarni E. Guðleifsson**, Borgþór Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur Halldórsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, María Ingimarsdóttir og Ólafur K. Nielsen 2011. Áhrif skógræktar á tegundaauðgi. *Náttúrufræðingurinn*, 81(2): 69-81.

Christina Stadler, **Áslaug Helgadóttir**, M.Á. Ágústsson & M.-A. Riihimäki 2011: Which influence does lighting time and lighting source have on the yield of wintergrown sweet pepper in Iceland (in German)? In: *DGG-Proceedings 1, No. 8, p. 1-5. DOI: 10.5288/dgg-pr-01-08-cs-201147.*

Elsa Albertsdóttir, S. Eriksson, **Ágúst Sigurðsson** og **Þorvaldur Árnason** 2011. Genetic analyses of 'breeding field test status' in Icelandic horses. *J. Anim. Breed. Genet.*, 128, 124-132.

Näsholm A. and **Emma Eythorsdóttir**, 2011. Characteristics and utilization of sheep pelts. A review. *Small Ruminant Research*, 101, 182– 187.

Kuss P., G.F.J. Armbruster, **Hafdís Hanna Ægisdóttir**, J.F. Scheepens, J. Stöcklin 2011. Spatical genetic structure of *Campanula thyrsoidea* across the European Alps: Indicators for glaciation-driven allopatric subspeciation. *Perspectives in Plant Ecology, Evolution and Systematics*, 13, 101-110.

Magnea Magnúsdóttir og **Ása L. Aradóttir** 2011. Leiðir til að fjölga hraungambra og öðrum mosategundum. *Náttúrufræðingurinn*, 81 (3–4), 115–122.

Mangold N., D. Baratoux, **Ólafur Arnalds**, J.-M. Bardintzeff, B. Platevoet, M. Grégoire and P. Pinet 2011. Segregation of olivine grains in volcanic sands in Iceland and implications for Mars. *Earth and Planetary Science Letters*, 310 (3-4): 233-243.

Baratoux D., N. Mangold, **Ólafur Arnalds**, J.-M. Bardintzeff, B. Platevoet, M. Grégoire and P. Pinet 2011. Volcanic sands of Iceland – Diverse origins of aeolian sand deposits revealed at Dyngjúsandur and Lambahraun. *Earth Surface Processes and Landforms*, 36, 1789-1808

McDaniel P.A., D.J. Lowe, **Ólafur Arnalds** and C-L Ping 2011. Andisols. In: P.M. Huang, L. Yuncong og M.E. Sumner (eds), *Handbook of Soil Sciences. Properties and Processes. Second Edition*. CRC, Press, Boca Raton, Florida, pp 33-29 - 33-48.

Imeson A., **Ólafur Arnalds**, L. Montanarella, A. Arnoldussen, S. van Asselen, L. Dorren, M. Curfs and D. del Rosa 2011. *Soil Conservation and Protection in Europe (SCAPE). The Way Ahead. SCAPE*. Beijing, China. In Chinese. Translated from the original book.

Opfergelt S., R.B. Georg, K.W. Burton, **Rannveig Guicharnaud**, C. Siebert, S.R. Gíslason, A.N. Halliday 2011. Silicon isotopes in allophone as a proxy for mineral formation in volcanic soils. *Applied Geochemistry*, 26, 115-118.

Tryggvi S. Stefansson and **Jón Hallsteinn Hallsson** 2011. Analysis of the species diversity of leaf pathogens in Icelandic barley fields. *Icelandic Agricultural Sciences*, 24, 3-22.

Þóroddur Sveinsson 2011. The effect of soil type and age on yield in grass fields on dairy farms: In Grassland Farming and Land Management Systems in Mountainous Regions. EGF 2011 Austria, 29-31 August 2011. *Grassland Science in Europe*, 16, 112-114.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor
Anna Sif Ingimarsdóttir	Rannsóknamaður
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Atli Már Ingólfsson	Lögfræðingur
Auður Sveinsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Ágúst Sigurðsson	Rektor
Ágústa Erlingsdóttir	Námsbrautarstjóri
Álfheiður B. Marinósdóttir	Kennslustjóri
Álfheiður Sverrisdóttir	Ræstitæknir
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Verkefnisstjóri
Áskell Þórisson	Forstöðumaður útgáfumála
Áslaug Helgadóttir	Prófessor, aðstoðarrektor rannsóknamála
Berglind Orradóttir	Lektor
Birna Kristín Baldursdóttir	Sérfræðingur
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor, brautarstjóri
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	Prófessor
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnisstjóri
Björn Kristjánsson	Rekstrarstjóri fasteigna
Björn Þorsteinsson	Prófessor, aðstoðarrektor kennslumála
Bragi Líndal Ólafsson	Sérfræðingur
Brita Kristína Berglund	Sérfræðingur
Christina Maria Stadler	Lektor
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari
Elías Óskarsson	Umsjónarmaður gróðurhúsa
Elín Kristjánsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Elísabet Axelsdóttir	Rannsóknamaður
Elsa Albertsdóttir	Sérfræðingur
Elsa Þorbjarnardóttir	Ræstitæknir
Emma Eyþórsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Rannsóknamaður
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur
Fanney Ósk Gísladóttir	Lektor
Grétar Hrafn Harðarson	Lektor
Guðjón Helgi Ólafsson	Umsjónarmaður fasteigna
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðni Þorvaldsson	Prófessor
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
Guðrún Brynja Bárðardóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur
Gunnar Reynisson	Kennari
Hafdís Hanna Ægisdóttir	Forstöðumaður Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna
Hafdís Rut Pétursdóttir	Launafulltrúi
Halldór Sverrisson	Lektor
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Haukur Þórðarson	Kennari
Heiðar Örn Jónsson	Ræstitæknir
Helena Guttormsdóttir	Aðjúkt
Helena Marta Stefánsdóttir	Rannsóknamaður
Helgi Gissurarson	Starfsmaður hestamiðstöðvar

Nafn	Starfsheiti
Hjörtur Hjartarson	Kerfisfræðingur
Hlynur Óskarsson	Dósent
Ísabella Lárusdóttir	Ræstitæknir
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Rannsóknamaður
Jóhanna M. Kristjánsdóttir	Ræstitæknir
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent, deildarforseti
Jóhannes Þór Ellertsson	Kennari
Jón Gíslason	Kennari
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Lektor
Jón Kristófer Arnarson	Kennari
Jónatan Hermannsson	Lektor
Kári Aðalsteinsson	Garðyrkjustjóri
Kristín Siemsen	Bókari
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Skrifstofustjóri
Laufey Steingrímsdóttir	Prófessor
Lárus Stefán Ingibergsson	Umsjónarmaður fasteigna
Lilja Dögg Guðnadóttir	Ræstitæknir
Lilja Kristín Ólafsdóttir	Aðjúnt
Magnus Göransson	Doktorsnemi
Magnús Jónsson	Prófessor
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Már Guðmundsson	Umsjónarmaður útisvæða
Oddbjörg Leifsdóttir	Ræstitæknir
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Fulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor, deildarforseti
Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Kennari
Peik Malmo Bjarnason	Sérfræðingur
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur H. Sigurðardóttir	Verkefnisstjóri
Ragnhildur Sigurðardóttir	Lektor
Rannveig Anna Guicharnaud	Lektor
Reynir Aðalsteinsson	Kennari
Ríkharð Brynjólfsson	Prófessor
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Sigmundur Helgi Brink	Aðjúnt
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor, brautarstjóri
Sigtryggur Veigar Herbertsson	Verkefnisstjóri
Snorri Sigurðsson	Verkefnisstjóri
Steinunn Sigríður Ingólfssdóttir	Bókasafnsfræðingur
Svava Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Svava Sjöfn Kristjánsdóttir	Fulltrúi
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Tryggvi Eiríksson	Sérfræðingur
Úlfur Óskarsson	Lektor
Védís Guðjónsdóttir	Rannsóknamaður
Vigdís Guðjónsdóttir	Tölvuumsjónarmaður
Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir	Alþjóðafulltrúi
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þorvaldur Kristjánsson	Doktorsnemi
Þorvaldur Tómas Jónsson	Rekstrarstjóri
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Sérfræðingur
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Doktorsnemi
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi
Þórunn Reykdal	Verkefnisstjóri

Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 3. júní 2011

Ávarp rektors

Útskriftarnemar, starfsfólk, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar útskriftarhátíðar en þetta er sjöunda vorið sem nemendur eru brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Fyrsta erindi Íslendingaljóða Jóhannesar úr Kötlum er mörgum hugleikið enda vel samið og fallegt. Íslendingaljóð var annað tveggja kvæða sem hlutu verðlaun í samkeppni um hátíðarljóð, þegar lýðveldið var stofnað 17. júní 1944. Sannarlega á það erindi við okkur á þessum degi.

*Land míns föður, landið mitt,
Laugað bláum straumi,
Eilíft vakir augnlit þitt
ofar tímans glaumi.
Þetta augnlit elskum vér,
- ævi vor á jörðu hér
brot af þínu bergi er,
blik af þínum draumi*

Ísland er magnþrungið land sem á sterk ítök í okkur öllum. Það er sama hve lengi við dveljum í öðrum löndum, í hvert skipti sem við komum heim finnum við fyrir augnliti fjalla og dala, vatna og gróðurs. Stundum á fósturjörðin það til að yggra brúnir og minna okkur á mátt sinn og megin – en þrátt fyrir það unnum við henni heitt.

*Fjarst í eilífðar útsæ
vakir eylendan þín:
nóttlaus voraldar veröld
þar sem víðsýnið skín.*

Sagði Stephan G. Stephansson vestur í Kanada og eru það orð að sönnu.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur frá upphafi lagt sig fram um að vísa okkur veginn, hvað varðar umgengni og nýtingu á náttúru landsins, enda eru einkunnarorð hans *háskóli lífs og lands*. Ætíð hefur verið lögð áhersla á að kenna fólki að þræða hinn gullna meðalveg og búa svo um hnúta að komandi kynslóðir geti líka ræktað og uppskorið - rétt eins og við. Á síðari árum höfum við auk þess kennt fólki að skipuleggja landið á íslenskum forsendum, enda hefur það sýnt sig að „Land míns föður“ verður vart tekið öðrum tókum en þeim sem hafa þróast og mótast í aldanna rás.

Landbúnaðarháskóli Íslands á sér rætur sem fáir geta státað af. Kynslóð eftir kynslóð hefur gengið um Hvanneyri og skilið eftir sig arf sem aldrei má gleymast. Mikið hefur breyst á þeim tíma frá árinu 1889 þegar fyrsti nemandinn innritaðist í Bændaskólann. Þannig sagði til dæmis Kristján Benjamínsson frá Ytri-Tjörnum, sem var hér nemandi á árunum 1891-1892: „Hinn 6. júní byrjaði slátturinn, og var nú lagt fyrir, að við værum verkstjórar til skiptis, tvær vikur í einu. Verkstjóri skyldi vekja á morgnana og sjá um, að allir kæmust til verka. Vekja skyldi klukkan fimm árdegis með því að hringja kirkjuklukkum án afláts, unz vissa væri fyrir því, að hvert mannsbarn væri vaknað í húsinu. Þetta var hin strangasta regla, en sumum gekk nokkuð örðugt að fylgja henni, þeim sem óharðnaðir voru og morgunsvæfir. En það brást aldrei, að skólastjóri væri þá til taks að kippa í klukkustrenginn, og vaknaði þá verkstjórinn við vandan draum, því áminning var vís“...

Sem betur fer er búið að afleggja þetta vinnulag. Deili ég því án efa með ykkur sem nú eruð á förum, en því vitna ég í þetta gamla bréf, að okkur er hollt að líta til baka og átta okkur á þeim breytingum sem hafa orðið hér á landi á ótrúlega stuttum tíma.

Forfeður okkar lögðu mikið á sig til að skapa samfélagið sem við þekkjum. Hitt er svo aftur annað mál að óvandaðir fóru illa með arfinn í leit að auði og völdum. Sá tími er að baki, án þess þó að ég haldi því fram að framtíðarvegirnir séu eggsléttir og greiðfærir. Menntun og sérhæfing á borð við það sem þið hafið tileinkað ykkur er eina vitræna svarið við kröfum samtímans – eina leiðin sem leiðir til betra lífs.

Veturinn sem að baki er var um margt hefðbundinn í starfi Landbúnaðarháskóla Íslands eins og við þekkjum það. Fullt af spennandi verkefnum í gangi, rannsóknastarfið í blóma og aukinn fjöldi nemenda sem sækir skólann. Af mörgu er að taka úr starfsemi skólans á liðnu ári en ég vil sérstaklega nefna þrennt.

Á liðnu skólaári fór fram fyrsta doktorsvörnin frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Þetta má telja mikinn áfanga í þróun skólans. Rannsóknamiðað framhaldsnám er nýjung í starfsemi skólans og einungis fáein ár frá því að meistaranám var innleitt í námsframboðið og útskrifaðist fyrsti meistaraneminn á fyrsta starfsári LbhÍ eða árið 2005. Raunar er það þannig að framhaldsnám af þessu tagi er ungt í sögu háskólastarfs á Íslands en mikið hefur breyst í þessum efnunum nú síðustu árin. Mikil úttekt var gerð á íslenska háskólakerfinu hér fyrir um 4 árum síðan. Í því ferli fékk m.a. LbhÍ viðurkenningu á sínum fræðasviðum sem eru annars vegar auðlinda- og búvísindi og hins vegar náttúruvísindi. Samhliða þessu sótti LbhÍ um leyfi til þess að bjóða fram doktorsnám á sínum sviðum. Þetta leyfi fékkst að undangenginni nákvæmri úttekt á starfsemi skólans. Hugmyndir okkar um doktorsnám hafa verið þær að hafa á hverjum tíma einungis 5-8 nema og miða einvörðungu við þau svið þar sem við teljum okkur hafa hvað sterkastan fræðilegan grunn. Þarna, rétt eins og í öllu öðru starfi skólans, eru það gæði sem skipta mestu máli. Velja inn þá nemendur sem líklegir eru til þess að standast kröfurnar og hlú að þeim sem best við getum. Fyrsta doktorsvörnin fór síðan fram í nóvember síðastliðnum er Elsa Albertsdóttir varði ritgerð sína á sviði búfjárerfðafræði og stóðst hinar alþjóðlegu kröfur með láði.

Annað mjög mikilvægt skref í þróun skólans var stigið á liðnu skólaári þegar samstarfsneti hinna opinberu háskóla var ýtt úr vör. Verkefnið er byggt á stefnuskjali sem gefið var út af mennta- og menningarmálaráðherra þann 9. ágúst 2010. Markmið verkefnisins eru í fyrsta lagi efling íslenskra háskóla, kennslu og rannsókna, í öðru lagi aukin hagkvæmni í rekstri háskóla og í þriðja lagi að tryggja háskólastarfsemi víða á landinu. Aðilar að verkefninu eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli-Háskólinn á Hólum. Verkefnið er þegar komið á ágætan skrið en fyrsta skref samstarfsins verður sameiginlegt upplýsingakerfi fyrir nemendur og um kennslu. Einnig verður tekið upp samræmt kerfi fyrir akademískt mat á starfsmönnum en það hefur áhrif varðandi ráðningar, framgang og launabreytingar. Stefnt er að því að víkka út samninginn til fleiri sviða stoðþjónustunnar. Þar er meðal annars horft á gæðaviðmið og gæðaeftirlit í meistara- og doktorsnámi, stuðning við kennara og kennslufræðilega ráðgjöf og þjálfun. Einnig er unnið að uppbyggingu á tæknilausnum sem auðvelda fjarfundi, fjarnám og þráðlaus netsamskipti.

Hér er um tímamótasamning að ræða og er honum ætlað að styrkja háskólana fjóra með því að efla enn frekar stoðþjónustu þeirra og tæknilega innviði sem auðvelda frekara samstarf. Ég tel að hér sé um gæfuspor að ræða í styrkingu háskólastigsins á Íslandi, við þéttum með þessu raðirnar og opnum á nýja möguleika.

Þá vil ég að síðustu nefna mikilvægt skref sem tekið var nú á vordögum þegar Hollvinafélag Landbúnaðarháskóla Íslands var stofnað að viðstöddu fjölmenni á Hvanneyri í tengslum við ársfund skólans. Slíkt félag hefur verið lengi í undirbúningi og er sannkallað fagnaðarefni að nú skuli skrefið

hafa verið tekið. Markmið félagsins er að efla tengsl milli allra sem hafa lokið eða stundað nám við Landbúnaðarháskóla Íslands, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Bændaskólann á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins. Sama gildir um núverandi og fyrrverandi starfsmenn, þar með talið starfsmenn Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, og aðra sem bera hag LbhÍ fyrir brjósti. Síðast en ekki síst mun félagið styðja og efla starf Landbúnaðarháskóla Íslands. Hollvinir LbhÍ eru margir og koma víða að, gamlir nemendur, starfsmenn bæði núverandi og fyrrverandi auk fjölmargra einstaklinga um land allt sem bera hag skólans fyrir brjósti. Einn af mörgum slíkum hollvinum skólans er staddur með okkur hér í dag en það er Hallgrímur Guðjónsson um langa tíð bóndi á Hvammi í Vatnsdal. Hann stundaði nám á Hvanneyri árin 1940-41 og er því úr 70 ára afmælisárgangi en hann er fæddur 15. janúar árið 1919. Velkominn að vitja gamla skólans Hallgrímur og þið öll hollvinir sem hér eruð.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka nemendum og starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir gott samstarf á liðnu skólaári. Skólinn státar af áhugasömum og efnilegum nemendum vil ég leyfa mér að fullyrða. Hinn stóri styrkur hans liggur einnig í frábærlega samhentun og öflugun starfsfólki.

Enda er „skóli ekki hús“ svo vitnað sé í Ragnar H. Ragnar. Skóli er það fólk sem í honum nemur og starfar hverju sinni og gefur honum anda og líf. Þar höfum við verið heppin svo langt sem ég get munað og þekki.

Ágætu nemendur

Stór dagur er runninn upp. Dagur sem þið hafið beðið eftir og lagt mikið af mörkum svo hann mætti uppfylla vonir ykkar. Þetta er dagur sem mun verða ykkur öllum minnisstæður, dagurinn sem þið ljúkið námi við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Vonin sem þið tengduð við þennan dag hefur nú ræst en nú taka við ný verkefni, sem krefjast allra ykkar krafta – rétt eins og þau sem liggja að baki.

Við verðum að horfa fram á veginn og takast á við verkefnið sem bíða. Á öllum stundum eigum við að horfa til þeirra sem hafa skarað fram úr – við eigum að læra af þeim og gera okkar til að ná markmiðum sem á stundum sýnast fjarri. Minnumst þess að svartsýni hefur aldrei opnað neinar dyr eða leyst vandamál. Við verðum sífellt að spyrja okkur um hlutverk okkar í lífi og starfi og hvað við getum gert til að ná betri árangri. Um leið skulum við minnast þess að kærleikurinn er það afl sem gefur lífinu gildi.

Marteinn Lúter sagði að þótt hann vissi að heimurinn færir á morgun mundi hann þrátt fyrir það gróðursetja eplatré. Það er einmitt þetta hugarfar sem þið eigið að temja ykkur á þeirri vegferð sem er nú framundan. Við megum aldrei vera svo niðurlát að við sjáum ekki regnbogann eða sólarlagið, eins og sagt var eitt sinn, heldur skulum við bera höfuðið hátt.

Forfeður okkar, sem byggðu Ísland og gerðu það að því sem við þekkjum voru drifnir áfram af krafti sem býr í okkur öllum. Þennan kraft eigið þið að nýta.

Vinnusemi er okkur öllum í blóð borin og fólk nær ekki þeim árangri sem þið getið fagnað í dag nema fyrir tilstyrk vilja og einbeiti. Þið megið aldrei missa sjónir af takmarkinu sem er að gera betur í dag en gær.

Kæru útskriftarnemar – sumarið bíður og lífið er framundan.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með áfangann.

Ágúst Sigurðsson